

# Safnaðarbréf

## Lágafellssóknar

Sumar 2012



Vorið er eins og morguninn, er landið rís hægt og sígandi úr sínum vetrardvala. Það birtir. Það hlýnar. Það grænkar. Það sem áður var dvalanum undirorpið lifnar við. Landið skryðist. Vonandi morgnar og vorar einnig í hugum og hjörtum okkar allra.

Í sálmi 718 í sálmabókinni eru þessar fallegu línur: “Nú heilsar vorsins blíði blær, og brosir himinn, land og sær, allt lofar ljósið bjarta. Ó syng af gleði sála mín, lát sumar Drottins ná til þín, og lífga hug og hjarta.” Á vorin þiðnar það sem áður var kalt og frosið, við tölum gjarna um vorleysingar. Það er ósk okkar sem í kirkjunni störfum, að klaki og hrim sálar og huga megi hverfa og að kærleikur Guðs, sem æðri er öllum skilningi, megi búa í hugum og hjörtum allra. Í kirkjubænum sunnudaganna sem næstir eru hvítasunnunni er minnst á þessi atriði. Þar segir á einum stað:

“Algóði Guð. Lát sáttfýsi og skilning móta viðhorf okkar. Lát líf okkar og störf verða samferðafólkinu til blessunar.” Enginn lifir eingöngu fyrir sjálfan sig, við eigum að vera meðvituð um þetta, að við séum samferðafólk og samverkamenn á akri Drottins.

Á tímum fjölmenningar og aukinna tengsla milli ólíkra þjóða er mikilvægt að sýna umburðarlyndi og vináttu, jafnvel þó trúarleg lífsviðhorf séu ólík. Við sem játum trúna á upprisinn og lifandi Drottinn eigum sannarlega að leitast við að vera til fyrirmyndar í jákvæðni og góðum siðum.

Vorverkin á akri Drottins eru í gangi og þau eru mörg. Við skulum plægja, sá og bera að áburð með nærfærni og auðmýkt. Minnumst þess að Guð gefur vöxtinn og kallar fólk til uppskeru í fyllingu tímans.

Gleðilegt sumar 2012.  
Skírni Garðarsson.

## Á döfinni...

12. maí Kyrrðardagur.....Sjá auglýsingu bls. 3
13. maí Kvöldguðsþjónusta með léttu sniði í Lágafellsskóla kl.20:00. Hljómsveitin „Tilviljun?“ spilar og við hvetjum sérstaklega foreldra og fermingarbörn vorsins 2013 til að koma.
20. maí Guðsþjónusta kl.14:00 í Mosfellskirkju og kaffiveitingar að athöfn lokinni. Hin árlega hestareid hestamannafélagsins Harðar í Mosfellsbæ til kirkju. Karlakór Kjalnesinga syngur. Fjölmönnum. Allir velkomnir!
27. maí Hvítasunnudagur. Þennan dag munu þær Kristín Anna Jensdóttir og Sjöfn Pálsdóttir syngja dúetta með kirkjukórnum. Organisti þann dag er Guðmundur Omar Óskarsson
3. júní Við guðsþjónustu í Lágafellskirkju kl.11:00 syngja Vorboðarnir, kór eldri borgara í Mosfellsbæ í guðsþjónustu.
17. júní Hátiðarguðsþjónusta kl.11:00 í Lágafellskirkju og félagar úr skátafélaginu Mosverjar standa heiðursvörð. Þar mun einnig Atli Guðlaugsson spila á trompet.
24. júní Forsöngvari í guðsþjónustu dagsins er Auður Perla Svansdóttir
1. júlí Verður boðið upp á nýjung í guðsþjónustunni og verður haldin “hjólræiðamessa” - allir mæta á jarnfákum við safnaðarheimilið!

Helgihald sumarsins verður með aðeins breyttu sniði en yfir veturinn, formið einfaldara og tímasetning breytileg, m.a. fleiri kvöldguðsþjónustur.

Að venju leiðir Kirkjukór Lágafellssóknar safnaðarsöng í guðsþjónustum undir stjórn Arnildar Valgarðsdóttur, organista. Í sumarfríu kórsins verður forsöngvari sem leiðir sönginn. Í júlí verður Arnþrúður Ösp Karlsdóttir forsöngvari.

Hvetjum alla til að koma til kirkju, eiga og njóta samfélags í trú í nærveru Guðs.



Það var líf og fjör á sumargleðinni þann 6. maí sl.

Kyrrðardagur að Mosfelli

## “Gríptu daginn” - í kyrrð

Kyrrðardagur í Mosfellskirkju

Íhugun – kyrrð – útvera

Í fallegu umhverfi og kirkju í dal skáldanna, Mosfellsdal.

Laugardaginn 12. maí kl. 9 - 16

Umsjón með deginum hafa Sigurbjörg Þorgrímsdóttir, djáknaefni

og sr. Ragnheiður Jónsdóttir.

Allir velkomnir – þátttaka ókeypis.

Upplýsingar og skráning: sr. Ragnheiður Jónsdóttir - Sími: 869 9882

Mosfellsprestakall - Sjá nánar á [www.lagafellskirkja.is](http://www.lagafellskirkja.is)



### Almennar upplýsingar

Barna- og æskulýðsstarfinu er lokið eftir veturinn og þökkum við öllum uppbyggjandi og skemmtilegar samverustundir og hlökkum til að hittast aftur í haust. Hægt er að fylgjast með öðru starfi, s.s kórstarfi, þrjónasamverum, foreldramorgnum, íhugun og fyrirbænastundum, sem eru í gangi fram á sumar á heimasíðu kirkjunnar [www.lagafellskirkja.is](http://www.lagafellskirkja.is).

Síminn í safnaðarheimilinu er 566 7113. Þar er svarað milli kl. 10:00 -12:00

Einnig er hægt er að hafa samband við prestana.

Sr. Ragnheiði 869 9882 og sr. Skírnir 823 8274

### Sumarfrí presta safnaðarins eru eftirfarandi:

Sr. Skírnir Garðarsson 16.7 – 12.8

Sr. Ragnheiður Jónsdóttir 29.5 -3.6 og 26.6. – 15.7

### Heimasíðan [www.lagafellskirkja.is](http://www.lagafellskirkja.is)

Á heimasíðu Lágafellssóknar, [www.lagafellskirkja.is](http://www.lagafellskirkja.is) er að finna ýmiskonar fróðleik og upplýsingar um kirkjustarfið í Mosfellsbæ. Þar er m. a. hægt að nálgast upplýsingar um allt safnaðarstarf, helgihald og kærleikspjónustu, kirkjur og safnaðarheimili, kirkjukór og kirkjutónlist.

# Helgihald í Mosfellsprestakalli 13. maí - 26. ágúst 2012

## **13. maí - 5. sd. e. Páska**

Guðsþjónusta í Lágafellsskóla kl.20  
Skráning fermingar barna 2013  
Báðir prestar

## **20. maí - 6. sd. e. páska**

Guðsþjónusta í Mosfellskirkju kl.14  
Hestareid  
Prestur: Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

## **27. maí - Hvítasunnuhátíð**

Guðsþjónusta í Lágafellskirkju kl.11  
Prestur: Sr. Skírnir Garðarsson

## **3.júní - Þrenningarhátíð**

Sjómanna dagurinn - Ferming  
Guðsþjónusta í Lágafellskirkju kl.11  
Prestur: Sr. Skírnir Garðarsson

## **10.júní - 1.sd.e.trin.**

Guðsþjónusta í Lágafellskirkju kl.11  
Prestur: Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

## **17.júní - Þjóðhátíðardagur**

Hátíðarguðsþjónusta í Lágafellskirkju  
kl. 11.00  
Prestur: Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

## **24.júní - 3.sd.e.trin**

Guðsþjónusta í Mosfellskirkju kl.20  
Prestur: Sr. Skírnir Garðarsson

## **1.júlí - 4. sd. e. Þrenningarhátíð**

Hjólreiðamessa kl.14. Mæting við  
safnaðarheimilið Þverholti 3  
Prestur: Sr. Skírnir Garðarsson

## **8. júlí - 5.sd.e.trin.**

Guðsþjónusta í Lágafellskirkju kl.14  
Ferming  
Prestur: Sr. Skírnir Garðarsson

## **15. júlí - 6.sd.e.trin**

Guðsþjónusta í Lágafellskirkju kl.20  
Prestur: Sr. Skírnir Garðarsson

## **22.júlí - 7.sd.e.trin**

Guðsþjónusta í Lágafellskirkju kl.20  
Prestur.: Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

## **29.júlí - 8.sd.e trin**

Guðsþjónusta í Mosfellskirkju kl.20  
Prestur: Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

## **5.ágúst - 9.sd.e.trin /**

### **Verslunarmannahelgi**

Guðsþjónusta í Lágafellskirkju kl.20  
Prestur: Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

## **12.ágúst - 10.sd.e.trin.**

Guðsþjónusta í Lágafellskirkju kl.11  
Prestur.: Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

## **19. ágúst - 11.s.e.trin**

Guðsþjónusta í Lágafellskirkju kl.20  
Prestur: Sr. Skírnir Garðarsson

## **26.ágúst - 12.sd.e.trin**

Guðsþjónusta í Mosfellskirkju kl.11  
Prestur: Sr. Skírnir Garðarsson